

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022
vegna efnistökusvæðis í landi Æsustaða í Langadal.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 25. febrúar 2013 breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Húnavatnshrepps þann 16. janúar 2013. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 25. febrúar 2013.

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir efnisnámu (E19) í landi Æsustaða. Stærð námunnar er 2,4 ha og gert er ráð fyrir að vinna allt að 25.000 m³ úr henni. Námunni verður bætt við töflu á bls. 28 í greinargerð aðalskipulagsins.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 25. febrúar 2013.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2013